

AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 99 12. des. 1945, um að innheimta ýmis gjöld með viðauka.

1

2. jan.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga nr. 99 12. des. 1945 og innheimta á árinu 1946 með 100% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í I.—VI. kafla laga nr. 27 27. júní 1921, stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921 og síðari lögum, sem hafa ákveði um stimpilgjald, leyfisbréfastgjöld og lestagjald. Þó skulu uppboðslaun samkvæmt V. kafla laga nr. 27 27. júní 1921 innheimt með einungis 40% viðauka.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að nota heimild fyrrgreindra laga nr. 99 12. des. 1945 og innheimta með 50% viðauka gjöld samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1946.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 2. gr. laga nr. 99 12. des. 1945.

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1946.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.

AUGLÝSING

um lækun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.

2

3. jan.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 31. des. 1945 um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. jan. þ. á. að telja til ársloka 1946 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, maís og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr maís og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming á sama tímabili aðflutningsgjöld af sykri: strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þessa hefur verið ákveðið að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri á sama tímabili.

Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1946.

Pétur Magnússon.

Einar Bjarnason.